

RAFRÆN NÁMSGÖGN UPPLÝSINGAR

Kæri kennari hjá ENDURMENNTUN HÍ

Á árinu 2017 varð til umhverfisstefna ENDURMENNTUNAR sem hefur það að markmiði að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif starfseminnar og stuðla að aukinni umhverfisvitund hjá starfsmönnum og viðskiptavinum. Til að vinna að þessum markmiðum leggjum við m.a. áherslu á að lágmarka pappírspotkun og prentun eins og hægt er, huga að endurnýtingu og draga úr notkun einnota hluta. Þú getur kynnt þér umhverfisstefnu ENDURMENNTUNAR hér: <https://www.endurmenntun.is/um-ehi/umhverfisstefna>

Í takt við umhverfisstefnuna eru námsgögn rafræn í öllum námskeiðum ENDURMENNTUNAR.

Við biðjum þig því um að haga námsgögnum fyrir þitt námskeið þannig að efnið megi vista á pdf-formi og senda þátttakendum rafrænan aðgang að því.

Vinsamlegast hafið eftirfarandi í huga við gerð námsgagna:

- Merktu slæður og annað efni með © og nafni þínu svo ljóst sé að efnið er höfundarréttarvarið og hver höfundur þess er.
- Við munum fjölfalda áfram á pappír það efni sem þú telur að henti alls ekki á rafrænu formi, s.s. landakort eða annað sem þátttakendur þurfa að geta skráð inn á eða verkefni sem þátttakendur eiga að vinna í tímanum.
- Þú þarft ekki að veita þátttakendum aðgang að öllu því efni sem þú notar við kennsluna. Þú getur t.d. verið með ljósmyndir eða texta í kennsluslæðum sem eru ekki hluti af því efni sem þátttakendur fá aðgang að.
- Ef þú vilt styðja námsefnið með myndum eða myndskleiðum, en átt þess ekki kost að nota eigið efni, biðjum við þig um að huga að höfundarréttarlögum og nota aðeins efni sem er höfundarréttarlaust eða efni sem höfundarrétthafar hafa heimilað not á.

ENDURMENNTUN^{HÍ}

Við skráningu á námskeið á vef ENDURMENNTUNAR er þegar búið að haka við að þátttakandi óski eftir rafrænum gögnum. Þeir þátttakendur sem vilja fá gögn á pappírformi breyta þessu með því að haka í viðeigandi reit, sjá hér að neðan.

Námsgögn

- Já, ég vil fá send námsgögn á rafrænu formi.
- Nei, ég vil fá námsgögn á pappírformi.

Skráðir þátttakendur fá sendan eftirfarandi tölvupóst frá ENDURMENNTUN, kl. 8:00 daginn áður en námskeiðið hefst og sami póstur kemur til kennara á það netfang sem er skráð í gagnagrunnin hjá okkur kl. 7:00 sama dag.

Kæri þátttakandi

Við þökkum þér kærlega fyrir að hafa valið rafræn námsgögn við skráningu á námskeiðið *Titill*. Með valinu leggur þú þitt af mörkum til að lágmarka pappírnotkun og prentun og hjálpar okkur þannig við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi ENDURMENNTUNAR.

Kaffi og te er aðgengilegt framan við kennslustofur á meðan á námskeiði stendur og hvetjum við alla, sem það geta, til að hafa með sér fjölnota drykkjarmál.

Þú getur kynnt þér umhverfisstefnu ENDURMENNTUNAR hér: <https://www.endurmenntun.is/um-ehi/umhverfisstefna>

Vinsamlegast athugið að gögnin eru eingöngu ætluð þátttakendum þessa námskeiðs og er með öllu óheimilt að nota þau á öðrum vettvangi enda er um höfundaréttarvarið efni að ræða.

Námsgögn námskeiðsins eru hér:

[Slóð á námsgögn](#)

Námsgögn verða aðgengileg á þessari slóð á meðan á námskeiði stendur.

Námskeiðið hefst:

[Tímasetning](#)

Kveðja,
starfsfólk ENDURMENNTUNAR HÍ

Hér sjáir þið dæmi um síðuna sem opnast þegar þátttakendur smella á slóðina í póstinum á síðunni hér á undan:

The screenshot shows the website interface for Endurmenntun HÍ. At the top, there is a navigation bar with the logo 'ENDURMENNTUN^{HÍ}' on the left and links for 'NÁMSKEIÐ', 'NÁMSBRAUTIR', and 'UM EHI' on the right. A search icon is also present. Below the navigation bar, the main heading reads 'Byrjaðu í golfi – fyrir byrjendur og lengra komna'. To the right of this heading are icons for 'PRENTA' and a printer icon. Below the heading is a blue button labeled 'FULLBÓKAÐ. Biðlisti í síma 525 4444.'. The main content area is divided into two columns. The left column contains a sidebar with an information icon 'i' and a red arrow pointing to a red-bordered box containing the following text: 'Námsgögn: Byrjaðu í golfi.pdf, SNAGbunadurogkennslanyforsida-.pdf, EHI_PowerPoint_Hissa-100119.pdf'. Below this box, the text reads: 'Hvenær: Mið. 11., mán. 16. og mið. 18. sept. kl. 20:00 - 22:00 (3x). Kennir er 16. sept. í æfingahúsnæði.'; 'Kennsla: Magnús Birgisson PGA golfkennari og SNAG master leiðbeinandi'; and 'Hvar: Endurmenntun, Dunhaga 7 og í æfingahúsnæði GSI.'. The right column features a photograph of a golf ball on a tee next to a golf club head.

Kennarar senda eftir sem áður öll námsgögn til námsgagnastjóra sem sér um að setja gögnin inn á vefsíðuna. Námsgögnin verða aðgengileg þátttakendum á síðunni á meðan á námskeiði stendur.

Námshöfundur getur bætt efni inn á síðuna eftir að námskeið hefst, ef kennari óskar eftir því. Aðgangi þátttakenda að síðunni er lokað 72 klukkustundum eftir að námskeiði lýkur.

Kær kveðja,
starfsfólk Endurmenntunar HÍ